



3.1.1 Menningar- og íþróttasvið



Rekstur MÍR - m.kr.	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Tekjur	971	834	137	16,5%
Laun og launat. gj.	2.030	2.006	25	1,2%
Annar rekstrark.	6.365	6.133	232	3,8%
Nettó útgjöld	7.424	7.305	119	1,63%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri menningar- og íþróttasviðs fyrir janúar – apríl 2025 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 7.424 m.kr. sem var 119 m.kr. eða 1,63% yfir áætlun.



Þjónustubættir MÍR

Málaflokkar MÍR - m.kr.	Tekjur	Áætlun 2024	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2024	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2024	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2024	Frávik tímabils	%
Yfirstjórn MÍR	0	0	0	126	146	-20	38	26	12	164	172	-9	-5,0%
Söfn	115	118	-3	603	596	7	554	555	-1	1.043	1.034	8	0,8%
Menningarborg	1	1	0	0	0	0	1.171	1.157	15	1.170	1.156	15	1,3%
Íþróttaborg	31	25	6	21	13	7	3.542	3.347	196	3.532	3.335	197	5,9%
Útílífsborg	79	74	5	168	176	-8	150	143	7	239	245	-6	-2,3%
Sundlaugar	476	435	42	718	670	48	698	677	21	940	912	27	3,0%
Skiðasvæði	254	170	84	218	229	-11	97	94	3	61	153	-92	-
Hitt húsið	14	10	5	157	155	1	46	58	-12	188	204	-16	-7,7%
Kynningarmál, sérverkefni og annað	1	2	-1	20	20	1	70	77	-7	89	94	-6	-5,9%
Samtals	971	834	137	2.030	2.006	25	6.365	6.133	232	7.424	7.305	119	1,6%

Yfirstjórn: var 9 m.kr. undir áætlun, en laun voru 20 m.kr. undir áætlun. Skýrist það af stöðu sem er gild á skrifstofunni og hefur ekki verið ráðinn í.

Kynningarmál, sérverkefni og annað: eru um 6 m.kr. undir áætlun. Skýrist það af kostnaði á miðlægum lið sem gert er ráð fyrir að falli aðallega á seinni hluta ársins.

Söfn: voru samtals 8 m.kr. yfir áætlun. Þar af var Borgarbókasafn á pari við áætlun, Borgarsögusafn rúmar 24 m.kr. umfram fjárheimildir, en Listasafnið var rúmar 16 m.kr. undir fjárheimildir. Vinna stendur yfir við að bregðast við stöðunni í Borgarsögusöfnunum. Þar af voru tekjur 6 m.kr. undir áætlun, laun voru 5 m.kr. yfir áætlun og annar rekstrarkostnaður var 13 m.kr. yfir áætlun.

Menningarborg: var 15 m.kr. yfir fjárheimildir. Skýrist það af því að uppgjörsgreiðslur vegna Dansverkstæðisins, upp á 14,6 m.kr., féllu á Menningarborgina en áttu að vera fjármagnaðar af ófyrirséðum fjárheimildum sem ekki eru komnar.

Íþróttaborg: var 197 m.kr. umfram áætlun. Þar af var frístundakortið 72 m.kr. yfir fjárheimildir, rekstur gervigrasvalla var 72 m.kr. umfram áætlun og rekstur keppnis- og æfingavalla var um 8 m.kr. yfir áætlun. Þá voru húsaleiga og æfingarstyrkir 15 m.kr. yfir áætlun fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins.

Útilífsborg: var 6 m.kr. undir áætlun. Þar af var Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn 3 m.kr. undir áætlun og Dýraþjónustan var 9,3 m.kr. yfir áætlun. Breyting var gerð á innheimtu hundaleyfisgjalda þar sem þau eru nú innheimt tvisvar sinnum á ári, þannig að reikna má með að staðan lagist í september.

Sundlaugar: voru 27 m.kr. yfir áætlun. Tekjur voru 42 m.kr. yfir áætlun, laun voru 48 m.kr. yfir áætlun og annar rekstrarkostnaður var 21 m.kr. yfir áætlun.

Skíðasvæði: voru rúmar 92 m.kr. undir áætlun. Rekstrarafgangur hefur verið á skíðasvæðunum síðustu tvö ár og gera má ráð fyrir að hann verði einnig árið 2025. Þannig voru um 60 m.kr. fluttar á milli árána 2024 og 2025. Lagt hefur verið til að ráðstafa þessum rekstrarafgangi árið 2025 til lækkunar á rekstrarframlögum ársins 2025 eða í sérstök verkefni hjá skíðasvæðunum.

Hitt húsið: Hitt húsið var rúmum 16 m.kr. undir áætlun. Frísund fatlaðra var 11 mkr undir áætlunar og Hitt húsið var 5 mkr undir áætlun. Skýrist það að aðallega að lægri öðrum rekstrarkostnaði sem nemur 12 mkr.